

## Viðauki V

### Tryggingamál stúdenta við Háskóla Íslands og önnur mikilvæg lagaákvæði

Stúdentar falla ekki undir íslensku vinnuverndarlögin. Hins vegar hefur Háskóli Íslands þá stefnu að aðbúnaður og starfsumhverfi skólans sé til fyrirmyndar og uppfylli þær kröfur sem eru gerðar hvað varðar öryggismál og vinnuvernd. Þannig njóta stúdentar sama starfsöryggis og aðrir starfsmenn Háskóla Íslands.

#### *Slysatrygging stúdenta*

Stúdentar í verklegu námi eru slysatryggðir samkvæmt lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar á sama hátt og launþegar. Gildir það jafnt fyrir stúdenta í heilbrigðisgreinum, raunvísindagreinum og öðru verklegu námi.<sup>1</sup> Undir það fellur m.a. íþróttakennaranám.

#### *Lög er snerta stúdenta í heilbrigðisvísindagreinum*

Á hverju ári er fjöldi stúdenta í klínísku námi inni á ýmsum heilbrigðisstofnunum. Flestir þeirra eru á Landspítalanum. Þessi þáttur námsins veitir stúdentum færni og þjálfun í meðferð og meðhöndlun sjúklinga auk dýrmætrar þekkingar á sviði læknisfræðilegra tilrauna og rannsóknna. Stúdentar í klínísku námi þurfa að vera upplýstir um ýmis lagaákvæði: Í lögum um réttindi sjúklinga (74/1997) kemur fram að stúdent í klínísku námi skuli gæta fyllstu þagmælsku um allt það sem hann kemst að í námi sínu um heilsufar sjúklings, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þagnarskyldan gildir áfram þó að sjúklingur andist og þó að nemandinn snúi sér að öðrum störfum eða hætti námi. Þagnarskyldan nær ekki til upplýsinga sem ber að koma á framfæri samkvæmt öðrum lagaákvæðum, t.d. ákvæðum barnaverndarlaga. Það ber að skýra

---

<sup>1</sup> b.-liður, 29. gr. laga nr. 100/2007: Slysatryggðir samkvæmt þessum kafla eru: Nemendur við iðnnám í löggiltum iðngreinum og nemar í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum og háskólanemar þegar þeir sinna verklegu námi.

sjúklingi frá því ef fyrirhugað er að stúdent á heilbrigðissviði verði viðstaddur meðferð á sjúklingnum vegna þjálfunar og kennslu. Sjúklingur getur neitað að taka þátt í slíkri þjálfun og kennslu og ber þá að láta stúdentinn víkja.

Stúdent í klínísku námi skal jafnframt starfa eftir lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga þegar honum er veittur aðgangur að upplýsingum úr sjúkraskrá, þar með töldum lífsýnum, vegna vísindarannsókna. Í hvert sinn sem stúdent skoðar sjúkraskrá eða hún er skoðuð vegna vísindarannsóknar skal það skráð í skrána.

Ýmis álitamál er varða sjúklingatryggingar (lög nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu) hafa komið upp í tengslum við klínískt nám stúdenta við Heilbrigðisvísindasvið. Eftirfarandi atriði hafa verið tekin til umfjöllunar milli Háskóla Íslands og Heilbrigðismálaráðuneytisins um bótaskyldu aðila:

- Það er skýrt álit Heilbrigðisráðuneytisins að störf stúdenta og starfsmanna Háskóli Íslands, sem eru unnin innan veggja heilbrigðisstofnana, t.d. á Landspítalanum, fari fram á eigin ábyrgð viðkomandi stofnana þegar þau snerta sjúklinga sem þar eru innritaðir.
- Samkvæmt 11. gr. laga um sjúklingatryggingar telst Háskóli Íslands ekki vera heilbrigðisstofnun í skilningi laganna. Hins vegar fellur þátttaka skólans í kennslu og námi á Heilbrigðissviði undir skilgreiningu á heilbrigðisþjónustu og réttindum sjúklinga. Er hér einkum verið að vísa til verklegra æfinga í sjúkraþjálfun, þeirrar klínísku þjónustu sem Tannlæknadeild veitir samfélaginu og samþætilegra verkefna.